

M-8/2013 Álit 4. apríl 2013

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 4. apríl 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-8/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 21. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna stóla sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi telur stólana gallaða og krefst þess að seljandi geri úrbætur á stólunum eða afhendi sér nýja stóla.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 23. janúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 6. febrúar. Nefndinni bærust hvorki andsvör né frekari gögn. Með bréfi, dags. 3. apríl sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi keypti sex borðstofustóla af seljanda fyrir um fjórum eða fimm árum. Kostaði hver stóll kr. 16.900. Fyrir um ári síðan brotnaði fyrsti stóllinn. Hafði álitsbeiðandi samband við seljanda, en sá vísaði honum á aðra verslun sem var tekin við umboði þess aðila sem framleiddi stólana. Álitsbeiðandi segist þó ekkert hafa aðhafst fyrr en annar stóll brotnaði og hafði hann þá samband við tæða verslun. Segir álitsbeiðandi að þar hafi sér verið tekið vel og hafi verslunin útvegað sér nýjar plastskeljar á tvo stóla fyrir kr. 15.000 stykkið. Fljótlega hafi síðan þriðja stólskelin brotnað og hafði álitsbeiðandi þá haft samband beint við framleiðanda. Framleiðandi hafi svarað stuttlega að stólarnir væru komnir úr ábyrgð og álitsbeiðandi gæti reynt að vinna áfram í sínum málum með söluaðilum á Íslandi. Um sl. jól brotnaði síðan fjórði stóllinn og því einungis tveir upprunalegir stólar eftir. Segir álitsbeiðandi að þegar svona dýrir stólar séu keyptir, en þeir kosti í dag um kr. 30.-40.000 megi búast við því að þeir endist lengur en raunin hefur orðið. Því telur álitsbeiðandi að sanngjarnt sé að hann fái nýja samskonar stóla án endurgjalds eða nýja svipaða stóla, sé ekki hægt að staðfesta að hinir endist í eðlilegan tíma.

Meðfylgjandi álitsbeiðni eru myndir af umræddum stólum, brotnum. Af límmiða á stólum má ráða að þeir séu framleiddir á árinu 2008.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Hér hagar svo til að álitsbeiðandi telur að galli sé á stólum sem hann keypti af seljanda „fyrir um fjórum eða fimm árum síðan“ eins og kemur fram í álitsbeiðni. Á ljósmynd af einum af hinum umdeildu stólum má sjá límmiða framleiðanda, en þar stendur m.a. „2008/03“. Telur kæruneftndin því að gera megi ráð fyrir því að stólarnir sex hafi verið keyptir

einhvern tímann á árinu 2008 og er það til samræmis við þær upplýsingar sem álitsbeiðandi hefur gefið upp. Álitsbeiðandi byggir á því að hann eigi rétt til að kvarta undan galla á stólunum um fjórum til fimm árum eftir að kaup fóru fram. Í 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er fjallað um fresti neytanda til að tilkynna seljanda um að hann muni bera fyrir sig galla á söluhlut. Í 2. mgr. sömu greinar segir m.a.:

„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka.“

Samkvæmt greininni er hinn almenni frestur neytanda til að bera fyrir sig galla tvö ár frá þeim degi sem hann veitti söluhlut viðtöku. Ljóst er af álitsbeiðni að sá frestur er liðinn. Hins vegar segir í 2. másl. greinarinnar að ef söluhlut eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti, geti neytandi borið fyrir sig galla í fimm ár frá því hlutnum var veitt viðtaka. Skoðast því hvort stólar þeir, er álitsbeiðandi hefur kvartað undan, geti fallið undir heimild 2. másl. 2. mgr. 27. gr. og álitsbeiðandi geti því borið fyrir, sig gagnvart seljanda, að stólarnir séu gallaðir.

Í athugasemdum við 27. gr. fúmvarpsins sem varð að neytendakaupalögum nr. 48/2003 segir m.a. eftirfarandi:

„Reglunni er ætlað að styrkja rétt neytenda, enda getur tveggja ára reglan verið ströng í garð neytanda þegar um er að ræða leynda galla við kaup á hlut sem á að endast lengi. Það getur gerst að verulegir gallar komi ekki í ljós fyrr en löngu eftir afhendingu. Getur þá verið ósanngjarnt ef neytanda er með öllu ómögulegt að bera gallann fyrir sig ef hann tilkynnir um gallann innan hæfilegs tíma frá því að hann varð hans var.“

Mat á því hversu langur endingartími söluhlut er ætlaður er unnt að byggja á því mati sem fram fer skv. b-lið 2. mgr. 15. gr. fúmvarpsins. Því þarf m.a. að líta til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut. Framleiðendur söluhluta hafa ólík markmið við framleiðslu hluta hvað varðar endingartíma þeirra. Endurspeglast þetta m.a. í verði og markaðssetningu hlutanna. Ef vafi er um það hversu langan endingartíma hlut er ætlað að hafa er rétt að vafinn falli fimm ára reglunni í hag. Með endingartíma söluhlutar er átt við það hvað hlutnum er ætlað að virka lengi á viðunandi hátt. Til dæmis fellur það að hlutur verði úreltur vegna tækniþröngva ekki undir ákvæðið. Áætlaður endingartími söluhlutar er byggður á venjulegri notkun.“

Það er ljóst að endingartími stóla getur verið afar misjafn eftir tegundum og erfitt að slá því föstu hvað sé eðlilegt í þeim efnum. Í þessu máli er um að ræða stóla sem kvartað var yfir um fjórum til fimm árum eftir kaup. Veltur því niðurstaða málsins á því hvort um stólana gildi tveggja eða fimm ára kvörtunarfrestur, sbr. 2. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga. Það er álit kærunefndarinnar að um stólana gildi tveggja ára kvörtunarfrestur. Verður ekki fallist á að stólar af þeirri tegund, sem keypti voru á því verði og af þeim gæðum sem stólar þeir sem álitsbeiðandi keypti, að því er virðist á árinu 2008, sé ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti, eins og krafa er gerð um til að fimm ára kvörtunarfrestur eigi við. Þar af leiðandi er kvörtun álitsbeiðanda of seint fram komin og réttur til að bera fyrir sig galla á stólunum ekki til staðar.

VIII
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir